

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Raufarhafnarhreppi árið 1995.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald, kr. 3.000, vegna söfnunar og förgunar á neysluúrgangi (heimilissorpi) sem til fellur í sveitarfélaginu á árinu 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

6. apríl 1995

Nr. 216

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 8/1995 um breytingu á skattmati í staðgreiðslu á árinu 1995.

Með vísan til 1. gr. laga nr. 30/1995, um breyting á 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, gerir ríkisskattstjóri eftirfarandi breytingu á skattmati í staðgreiðslu á árinu 1995, sem birt var með auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1995:

1. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. tölul. í auglýsingunni um teknamat á ókeypis flutningi milli heimilis og vinnustaðar falli niður.

2. gr.

Töluliður 5.3. í auglýsingunni orðist svo ásamt fyrirsögn:

5.3. Dagpeningar umfram 30 daga samfelt

Fái launamaður greidda dagpeninga samfelt fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1995 skulu viðmiðunarmörk hér að framan lækka um kr. 709 fyrir hvern dag umfram 30 daga. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands.